

## Stjórnarfundur 15. Ágúst 2022

Íþróttahúsið Digranesi

### Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Sigurður Ingi Jónsson
- Mörður Áslaugarsson
- Sigurveig Helga Jónsdóttir
- Bjarki Þór Kjartansson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

### Dagskrá fundarins:

1. Byrjun haust-annar
2. Skotstjórafundur í upphafi annar
3. Framvinda Ritnefndar Félagsins
4. Taka upp Sportabler
5. Fastir liðir
  - a. D-Leyfis umsóknir
  - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
  - c. Endurbætur á húsnæði
6. Önnur mál

### 1) Byrjun haust annar

Stjórnin byrjaði fundinn á að ganga í gegnum aðstöðuna okkar og skoða framvindu framkvæmdanna og fara aðeins yfir það sem kom fram á framkvæmdafundi, en ljóst er að aðstaðan okkar verður ekki tilbúin í tæka tíð fyrir hefðbundna byrjun haust annar.

Mikill munur er að sjá aðstæður þar sem þær eru langt komnar og erum við spennt fyrir því að byrja að æfa í bættri aðstöðu.

Ekki er hægt að setja neina dagsetningu eins og er á hvenær við getum hafið æfingar í húsnæðinu, en stjórn félagsins ætlar að setja sig í samband við önnur skotíþróttafélög og sjá hvort skyttarnar okkar fái tímabundið aðstöðu til æfinga.

### 2) Skotstjórafundur

Stefnt verður á að halda Skotstjórafund fyrir byrjun annarinnar þar sem farið verður yfir mótaskrá og Skotstjórar skráðir fyrir mótum sem við eigum að halda, ásamt því verður haldin skyndihjálparkynning fyrir Skotstjóra.

Einnig munum við fara yfir stöðu dómara- og þjálfaramála innan STÍ, en vinna er hafin í vinnuhópum tengdum þeim málum.

### 3) Framvinda Ritnefndar félagsins

Við höfum sett af stað vinnu við að stofna Ritnefnd fyrir félagið sem hefur það hlutverk að skrifa fréttir fyrir vefinn okkar. Við fengum til liðs við okkur Sigurgeir Guðmundsson í hlutverk Ritstjóra og samþykkti stjórnin það einróma að bæta við 2 aðilum í þessa nefnd til að aðstoða hann í sínu hlutverki.

Sigurgeir er þegar farinn að skrifa fréttir á vefinn okkar.

Við stefnum svo á að taka málið upp á næsta aðalfundi og staðfesta hlutverk Ritnefndar.

### 4) Sportabler

Samþykkt hefur verið að taka upp Sportabler til þess að halda utan um iðkendur félagsins og innheimta félagsgjöld þar í gegn, en það ætti að minnka vinnu við að innheimta gjöld og utnumhald við æfingar.

## 5) Fastir Liðir

- a) Engar óskir eru virkar um D-Leyfi.
- b) Engin mál félagsmanna liggja fyrir hjá STÍ.
- c) Húsnæðismál:

### **Skýrsla af húsnæðisfundi:**

Haldinn var verkfundur þann 10. ágúst þar sem viðstaddir voru Emil Birgir Hallgrímsson eftirlitsmaður verksins fyrir hönd Skotkóp Mörður og Friðrik fyrir hönd stjórnar, Einar Rafn Viðarsson frá verkfræðistofunni Ferli og Dofri Þórðarson fyrir Kópavogsbæ.

Farið var yfir stöðu verksins. Greindu þeir Einar og Dofri frá því að verkið gengi vel, almennum framkvæmdum og frágangi ætti að ljúka í lok september. Hins vegar óvíst væri með afhendingu loftræstieininga sem kæmu frá útlöndum. Að svo stöddu væri áætlaður afhendingartími um miðjan októbermánuð en þá væri eftir að koma öllu galleríinu til Íslands og setja það upp. Það gæti tekið mánuð. Því má gera ráð fyrir að opnun á húsnæðinu verði ekki fyrr en um miðjan nóvember, en jafnvel byrjun desember.

Eins og allir vita eru allar afhendingar á vörum nú mjög í óvissu, en stjórn mun fylgjast með því hvernig fram vindur og halda félagsmönnum upplýstum.



## 6) Önnur mál

Stjórn félagsins var í samskiptum við Kópavogsbæ um framkvæmdir sem eru framundan tengdar íþróttahúsum bæjarins og fékk að bæta því á listann hjá þeim að merkja innganginn í aðstöðuna okkar svo auðveldara sé að finna okkur.

Stjórn félagsins er einnig búð að óska eftir því að komast á dagskrá minni íþróttasalanna í Íþróttahúsinu Digranesi til þess að halda æfingar fyrir krakkahóp þar sem þær æfingar eru með minna hefðbundnu móti, ásamt möguleikum á því að fá að halda mót í loftgreinum í stórum íþróttasal.